

## AUGLÝSING

### um samþykkt skipulagsmál í Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsbreytingu:

*Varmárskólasvæði við Varmárhól - deiliskipulagsbreyting – 111-S.*

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið afgreiðslu skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga og felur í sér að við Kvíslarskóla bætast við tveir nýir byggingareitir ætlaðir fyrir færanlegar, tímabundnar kennslustofur. Annar reiturinn er skilgreindur utan um núverandi færanlegt húsnæði norðaustan við skólahúsnæðið. Hinn reiturinn er suðaustan við húsnæði skólans. Innan hvors reits má setja allt að 600 m<sup>2</sup> af tímabundnu skólahúsnæði á einni hæð. Annað í skipulagi er óbreytt.

Ofangreind skipulagsbreyting hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*F.h. Mosfellsbæjar, 18. ágúst 2022,*

**Kristinn Pálsson** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfudagur: 19. ágúst 2022